

kröfu áfrýjandans af sömu ástæðum, að því við bættu, að málið sje alveg óupplýst, og afstöðuuppdráttur sá, sem lagður hefur verið fram fyrir undirrjettinum, sje svo fráleitur, að á honum verði engin fótfasta fundin.

Með því að málspartarnir þannig hafa verið samhuga um að krefjast, að dómur undirrjettarins verði dæmdur ómerkur, og málinu vísað heim aptur í hjerað til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar, ber að taka þessa kröfu þeirra til greina, og virðist málskostnaður eptir þessum úrslitum málsins eiga að falla niður fyrir báðum rjettum.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettardómurinn í máli þessu á ómerkur að vera og vísast málinu heim aptur í hjeraði til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar.

Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Nr. 22/1876:

Rjettvísinn

gegn

verzlunarstjóra Fr. Sörensen.

Dómur.

Eptir vitnaleiðslu þeirri, er farið hefur fram í máli þessu, má álíta það nægilega sannað, að hinn 20. desembermán. f. á. á áliðnum degi kom Þóroddur nokkur Sigurðsson frá Úlfstaðahjáleigu í Rángárvallasýslu seint á degi inn í Austurbúðina á Vestmannaeyjum, og var lítið eitt kenndur; það hann þá verzlunarstjóran þar, Friðrik Sörensen, að selja sjer einn pela af brennivíni, en Sörensen neitaði honum um það, og skipaði honum tvisvar sinnum að fara út úr búðinni, og er hann eigi gegndi því, sló Sörensen hann í andlitið, svo hann fjekk blóðnasir, og rak hann út. Daginn eptir kom Þóroddur

aptur inn í búðina, og bað þá Sörensen að gefa sjer brauðbita, en hann neitaði því og skipaði honum að fara út úr búðinni; en er Þóroddur eigi hlýddi því og hjelt, að hann mætti vera í búðinni eins og aðrir, fór Sörensen fram fyrir búðarborðið, preif í öxlina á honum, og sló hann eitt högg með hnefanum í andlitið; Þóroddur hljóp þá undir hann og greip um hnjesbæt-urnar á honum, en Sörensen gat forðað sjer falli með því að ná í grindverk hjá skrifborðinu og datt Þóroddur á hnjen eða varð undir. Tók þá Sörensen að berja hann með annari hendinni í höfuðið og andlitið, og það svo ótt og títt, að Þóroddur eigi gat fyrir höggunum losað sig, með því hann og var í búðarborðsdyrunum, og á þessu gekk, unz tveir menn, er viðstaddir voru, náðu Þóroddi af Sörensen, og bar annar þeirra hann út úr búðinni; var hann þá allur blár og blóðugur. Hann fór þegar til læknisins, og er hann kom heim um morguninn eptir, eða þangað, sem hann hjelt til, fór hann strax upp í rúm, og lá rúmfastur, eptir ómótmæltum reikningi yfir legukostnað hans, stundum með óráði, til 19. janúar þ. á.

Í vottorði læknisins, er sóttur var til Þórodds, dagsettu 4. janúar þ. á., stendur svo: «efraskoltsbeinið er brotið eða rifnað hægra megin nefsins, og brotið, sem nær nefinu er, hefur lypzt upp; rifan á beininu, sem er framan á kinninni, er liðugur þumlungur á lengd, nær eigi algjörlega upp á augnaholið, en liðuglega niður á móts við mitt nef». Þetta brot heldur læknirinn samt að muni verða gróið að fullu að 2 eða í mesta lagi 3 vikum liðnum, og engar aðrar afleiðingar hafa fyrir heilsu Þórodds eptirleiðis, en hægra megin nefsins muni sjálfsagt verða gúll, er nokkuð hljóti að lýta hann. Hinn 15. febrúarmán þ. á. gekk dómur í Vestmannaeyjum í máli þessu, og var Sören-

sen dæmdur sýkn, en skyldi þó lúka allan málskostnað; en dóminum hefur amtmaður skotið til yfirdómsins. Sýslumaður hefur nú rjettilega álitid, að brot þetta heyrði undir hegningarlaganna 205. grein, en hefur þó dæmt ákærða sýknan, af því hann hafi haft rjett til að beita valdi gegn Þóroddi, er hann ekki eptir áskorun hans góðviljuglega vildi fara út úr búðinni, eins og sýslumanni og hefur fundizt, að eigi yrði að öllu leyti rengd sú vörn ákærða, að hann, er Þóroddur hljóp undir hann, hafi veitt honum hinn umrædda áverka af neyðarvörn, einkum þar Þóroddur hjelt í ákærða, unz þeir voru skildir, því ákærði hafi við það haft ástæðu til að halda, að Þóroddur mundi halda áfram að beita ofríki gegn sjer, þó þessu í raun og veru hefði eigi verið svo varið, og Þóroddur að lokum einasta hafi haldið í ákærða, til að reisa sig upp, sem þó eigi væri fullsannað.

Þessa skoðun undirdómarans getur yfirdómurinn eigi aðhyllzt, því meðan sölubúðinni eigi var lokað, og hún því stóð opin fyrir almenningi, og meðan Þóroddur hagaði sjer þar siðsamlega, hafði hann fullan rjett sem aðrir til að vera fyrir framan búðarborðið, og ákærða bar því enginn rjettur undir slíkum kringumstæðum til að vísa honum út úr búðinni, sízt til að reka hann burtu með höggum. Það verður eigi heldur sjeð, að ákærða hafi borið nokkur rjettur til að berja Þórodd með hnefum í höfuðið og andlitið á þann hátt, sem hann gjörði, þó Þóroddur, eptir að hinn hafði barið hann saklausan, hlypi undir hann til að verja sig og vildi fella hann, eða að ákærði hafi neyðzt til að verja sig á þennan hátt, og sízt verður þetta álitid, þar sem ákærði eptir framburði vitnanna eigi reyndi neitt til að losa sig, og Þóroddur á hinn bóginn eigi gat staðið upp eða komizt burt, af því Sörensens ljet högginn dynja svo ótt og títt á hann. Fyrri kaffi 41. greinar hegningar-

laganna getur því engan veginn átt hjer við, og eigi heldur hinn síðari, einkum þar Sörensen hafði öll upp-
tökin með að berja Þórodd ranglega og án saka, held-
ur ber, sem áður sagt, að heimfæra brót ákærða undir
205. grein hegningarlaga, og virðist þá hegningin
hæfilega metin til fangelsis við vatn og brauð í 2×5
daga. Svo ber og ákærða eptir hegningarlaga 303.
grein að greiða kostnað þann, er lega Þórodts og lækn-
ismeðul handa honum hafa kostað, sem eptir fram komn-
um reikningum hefur verið til samans 34 kr. 68 a., og
fyrir þjáningar og líkamslýti þau, er hann af áverkan-
um hefur orðið fyrir, 20 krónur, sem og vinnutap hans
eptir 2 óvilhallra af rjettinum útnefndra manna mati,
og loksins lúka allan af málinu löglega leiðandi kostn-
að, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfir-
dóminum fyrir flutning málsins 10 kr. til hvors.

Meðferð málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og
sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Frederik Sörensen á sæta fangelsi við vatn
og brauð í 2×5 daga. Svo ber honum og að
lúka Þóroddi Sigurðssyni frá Úlfstaðahjáleigu fyrir
meðala- og legukostnað og fyrir þjáningar og lík-
amslýti 54 kr. 68 a., og fyrir vinnumissi þann, er
Þóroddur hefur beðið af völdum hans, eptir mati
tveggja óvilhallra manna, útnefndra af rjettinum.
Loks ber honum að greiða allan af málinu löglega
leiðandi kostnað, og þar á meðal til sóknara og
svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmann-
anna Guðmundar Pálssonar og Páls Melsteðs 10 kr.
til hvors fyrir flutning málsins.

Hið ídæmda ber að lúka innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, og honum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. ágústmán.

Nr. 18/1876. Jón landshöfðingjaritari Jónsson
 gegn

Egli kaupmanni Egilsson.

Dómur.

Með yfirrettardómi, gegnum 26. apríl f. á., var Egill kaupmaður Egilsson dæmdur til að gjöra innan ákveðins tíma hinni íslenzku samlagsverzlun í Bergen full skil fyrir forstöðu þeirri, er hann hafði haft á hendi fyrir fjelagið, og sektir við lagðar, ef hann eigi gjörði svo, og líka til að greiða fjelaginu 4062 kr. 41 a. En er gjalddagi var liðinn og Egill eigi fullnægði dóminum, krafðist Jón landshöfðingjaritari Jónsson í umboði fjelagsins, að fógetinn í Reykjavík gjörði fjárnám hjá Egli kaupmanni eptir dóminum bæði fyrir gjalðinu og sektunum, eða ef því eigi yrði framgengt, að hann þá legði fje til hliðar hjá honum (gjörði afsetningu) samkv. tilskipun 13. janúar 1792 og NL. 1—22—24, en um hvorttveggja neitaði fógetinn honum með úrskurði 18. janúar þ. á. Þessum úrskurði fógetans hefur nú Jón ritari Jónsson skotið til yfirdómsins og krafizt þar, að hann verði dæmdur ómerkur með eða án heimvísunar, og fógetinn skyldaður til að framkvæma hina umbeðnu fullnustugjörð, eða að úrskurðinum verði hrundið og breytt þannig, að hin umbeðna fullnustugjörð fái framgang m. m.

Hinn stefndi hefur undir rekstri málsins sannað, að hann 20. maí f. á. hafi tekið út stefnu til hæstarjettar til áfrýjunar ofan nefndum yfirrettardómi, og að